




VATN

SKOÐUM HRINGRÁS VATNS


HRINGGRÁS VATNS

Hringrás vatns er hreyfing vatns á jörðinni og í andrúmsloftinu. Þar sem vatnið breytir um form.

Frosið - Fljótandi - Loft



MISMUNANDI FORM VATNS



FROSIÐ

Klaki



FLJÓTANDI


Vatn



LOFT

gufa

HRINGGRÁS VATNS Í FJÓRUM SKREFUM



1.ÞÉTTING




Þétting á sér stað þegar vatn breytist úr gufu aftur í vökva. Vökvinn safnast saman í skýjunum.

Úrkoma verður þegar vatn fellur aftur til jarðar. Þetta getur gerst í formi rigningar, hagléls, slyddu eða sem snjór.




2.ÚRKOMA

3.VATN



Vatn safnast saman í höfum, vötnum, ám og lækjum. Það rennur einnig oft í jörðu og er geymt sem grunnvatn. Grunnvatn er vatnið sem drekkum.

Uppgufun á sér stað þegar vatn er hitað af sólinni og breytir því úr vökva í lofttegund sem kallast vatnsgufa.



4.UPPGUFUN

Hringrás vatns má lýsa með þeim hætti að vatn gufar upp vegna hita frá sólinni.

Vatnið sem gufar upp þéttist ofar í gufuhvolfinu og verður að skýjum.


Vatnsgufan þéttist svo enn frekar og verður að dropum eða ískristöllum sem falla til jarðar sem regn eða snjór.

Hluti vatnsins á jörðu niðri er nýttur af plöntum og dýrum, annar hluti fer í ár, vötn og höf.


Vatnið smýgur einnig niður um glufur í jarðskorpunni og verður að grunnvatni.

Grunnvatn er meðal annars nýtt sem neysluvatn. Á myndinni á næstu glæru er hringrás vatns útskýrð.





Yfirborð jarðar er um
70% VATN



ÞAR AF ER...

97%

Saltvatn
=sjór

2%

Ferskvatn
bundið í
jöklum og
íshellum

1%

Ferskvatn
=vötn og ár

AFHVERJU ER HRINGRÁS VATNS MIKILVÆG?

Vegna þess að í hringrásinni færast mikilvæg næringarefni með vatninu og hún sér plöntum, dýrum og mönnum fyrir vatni.



Á Íslandi höfum við það gott hvað varðar magn og gæði vatns! Það er ekki hægt að segja það sama um marga aðra staði á jörðinni.

Eins og með aðrar auðlindir jarðar þá þurfum við að fara vel með vatnið okkar, líka á Íslandi. Ekki sóa því að óþörfu eða menga það með efnum sem geta haft alvarleg áhrif á menn, dýr og lífríki.